

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968 og að fenginni tillögu borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

Einstefnuakstur verður á Vesturgötu til vesturs frá Seljavegi að Ánanaustum. Strætisvögnum Reykjavíkur verður þó heimilt að aka í báðar áttir um Vesturgötu.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 10. apríl n. k.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. mars 1984.

Sigurjón Sigurðsson.

3. apríl 1984

Nr. 180

SAMÞYKKT

um hundahald í Seyðisfjarðarkaupstað.

1. gr.

Hundahald er bannað í Seyðisfjarðarkaupstað.

2. gr.

Bæjarstjórn eða heilbrigðisnefnd í hennar umboði er heimilt að veita undanþágu frá banni við hundahaldi með eftirgreindum skilyrðum:

- a) Eigandi skal án tafar láta skrá hund sinn á bæjarskrifstofu. Við skráningu fær eigandi hunds merkta plötu, sem ætíð skal vera um háls hundsins.
Við skráningu skal hund eigandi undirrita yfirlýsingu um að hann skuli í einu og öllu fara með hund sinn eftir fyrirmælum samþykktar þessarar eins og hún er nú og síðar verður breytt.
- b) Eiganda er skylt að kaupa ábyrgðartryggingu hjá viðurkenndu váttryggingarfélagi, þannig að tryggt sé, að tryggingin taki til alls tjóns, sem hundur kann að valda án nokkurra óeðlilegra skilyrða að mati bæjarstjórnar.
- c) Óheimilt er með öllu að láta hunda ganga lausa, nema smalahunda á þeim tíma, er þeir eru sannanlega notaðir við smalamennsku, svo og minkahunda, dýrahunda og sporhunda, þegar þeir eru að störfum í gæslu eiganda eða umráðamanns. Alla aðra hunda skal hafa í tryggju haldi, en heimilt er að hafa þá í taumi úti við í fylgd með manni, sem hefur fullt vald yfir þeim. Eigi er heimilt að hafa með sér hunda, þó í taumi séu, inn í skólahús, almennar skrifstofur, samkomuhús eða verslanir, svo og starfsstöðvar hverju nafni sem nefnast, þar sem úrvinnsla, meðferð eða geymsla matvæla á sér stað.
- d) Hundaeigendum er skylt að sjá svo um að hundar raski eigi ró manna með hávaða eða gelti, eða verði mönnum til óþæginda á annan hátt.
Þegar hundar eru í festi á húsalóðum skal festin við það miðuð að óhindrað megi ganga um dyr íbúðarhúsa.
Skilyrði fyrir hundahaldi í samþýlishúsum er að allir íbúðareigendur samþykki slíkt og skal leggja fram skriflegt samþykki þar um við skráningu hunds, er gildi þar til bæjarstjóra berst skrifleg afturköllun frá einhverjum íbúðareiganda.

- e) Til að standa straum af kostnaði bæjarsjóðs af skráningu og eftirliti með hundum í bænum, skal hver hundeigandi greiða árlegt gjald til bæjarsjóðs. Gjaldið greiðist fyrirfram við skráningu hundsins til næstkomandi júlímánaðar og síðar árlega 1. júlí fyrir eitt ár í senn. Dráttarvextir falla á ógreidd leyfisgjöld eftir 1. sept. þar á eftir. Hafi greiðsla eigi átt sér stað að þremur mánuðum liðnum frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi.
- Bæjarstjórn ákveður fjárhæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra staðfestir og birt skal í B-deild Stjórnartíðinda. Heimilt er bæjarstjórn að ákveða lægra gjald fyrir nauðsynlega minkahunda, dýrhunda, sporhunda og smalahunda. Af hundum, sem blindir menn og öryrkjar þurfa á að halda vegna fötlunar sinnar, skal ekkert gjald greiða. Við greiðslu gjalds þessa ber hundeiganda að sýna fullgild skilríki fyrir greiðslu váttryggingargjalds samkvæmt b.-lið þessarar greinar, váttryggingarskírteini, vottorð dýralæknis um að hundur sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi og hafi verið hreinsaður af bandormum, svo og önnur skilríki er máli skipta samkv. lögum um hundahald og varnir gegn sullaveiki svo og fyrirmælum, sem heilbrigðisnefnd setur varðandi hunda.
- f) Hundaeigendum ber að viðhafa fullkomið hreinlæti í meðferð hunda sinna, þar á meðal að þrifa eftir dýrin.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds er bæjarstjórn eða heilbrigðisnefnd í hennar umboði heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum.

Bæjarstjórn eða heilbrigðisnefnd í hennar umboði er heimilt að afturkalla öll leyfi, telji hún þess þörf.

Verði leyfi fyrir hund afturkallað og eigandi hans afhendi hann ekki sjálfviljugur bæjaryfirvöldum, eða fjarlægji hann ekki úr lögsagnarumdæmi Seyðisfjarðar skal fara með hann samkvæmt 4. gr. þessarar samþykktar.

4. gr.

Óleyfilega hunda skal lögregla taka hvar sem til þeirra næst og færa þá í sérstaka hundageymslu, sem starfrækt er á vegum bæjarins. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að því eina viku, í umsjón og ábyrgð lögreglu meðan eigendum er gefinn kostur á því að koma þeim fyrir til frambúðar utan Seyðisfjarðar. Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum. Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan Seyðisfjarðar innan viku frá því að þeir eru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflífaðir.

5. gr.

Hunda sem ráðast á menn eða skepnur, skal fjarlægja og lóga þegar í stað. Lögregla og heilbrigðisnefnd skulu hafa eftirlit með hundum samkvæmt samþykkt þessari.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum er renni í bæjarsjóð. Með brot út af samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 50/1981, VI. og VII kafla.

7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Seyðisfjarðar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sbr. lög nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt sama efnis nr. 353/1977.

Ákvæði til bráðabirgða.

Þau leyfi, sem veitt voru til hundahalds í Seyðisfjarðarkaupstað skv. heimild í samþykkt nr. 353/1977, falla úr gildi innan eins mánaðar frá gildistöku samþykktar þessarar. Ber bæjarstjórn að tilkynna leyfishöfum það skriflega og jafnframt benda þeim á rétt þeirra til að sækja að nýju um leyfi fyrir hunda sína.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. apríl 1984.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

5. apríl 1984

Nr. 181

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum
nr. 338/1978.**

1. gr.

3. mgr. 9. greinar hljóði svo:

Bætur vegna skipa eldri en 15 ára skulu ekki vera hærri en kr. 13 700,00 á rúmlest í skipi. Sé skip yngra en 15 ára, hækkar hámarkið um kr. 1 370,00 á rúmlest fyrir hvert ár upp í kr. 27 400,00 á rúmlest.

2. gr.

Upphaf 4. mgr. 9. greinar hljóðar svo:

Bætur skulu aldrei vera hærri en kr. 4 110 000,00 vegna eins skips.

3. gr.

2. mgr. 10. greinar hljóði svo:

Árgjöld skulu vera kr. 440,00 á rúmlest af tréskipum og kr. 220,00 á rúmlest af stálskipum. Þó skal árgjald ekki vera herra en kr. 66 000,00 af einu skipi.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í lögum nr. 37/1978 um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og öðlast þegar gildi.

Fjárhæðir þær, sem ákveðnar eru í 1. til 3. gr. gilda frá 1. janúar 1984.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. apríl 1984.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Jón Ingimarsson.